

A að auka slyshættuna í Kópavogi

Á SÍÐASTA Alþingi var samþykkt að veita kr. 200.000.00 á fjárlögum þessa árs til þess að lýsa upp Hafnarfjarðarveginn, þar sem hann liggur gegnum Gálðahrepp. Talið er að þessi fjárhæð nægi til þess að lýsa vegina frá Hraunsholti að Kópavogsbrúnni.

Samtímis mun fyrirhugað að Reykjavíkurbær lýsi veginn upp að brúnni á Fossvogslæknum.

Þessa dagana er verið að bjóða út þann hluta verkefnsins, sem ríkissjóður kostar og líkur eru fyrir að kaflinn frá Reykjavík að Fossvogsbrúnni verði lýstur upp fyrir næsta vetur. Fullar horfur eru því á, að í byrjun næsta vetrar verði allur Hafnarfjarðarvegurinn upplýstur nema sá hluti hans sem liggur gegnum byggðina í Kópavogi, einmitt sá hlutinn, þar sem slyshættan er alvarlegust.

Samkvæmt umferðartalningu, sem vegamálastjórnin framkvæmdi nýlega fara að meðaltali um 6000 farartæki um Fossvogsbrúna en 3000 um Kópavogsbrúna á sólarhring hverjum.

Þetta samsvarar því að bill fari að meðaltali 15. hverja sekúndu um Hafnarfjarðarveginn gegnum Kópavogsbyggðina. Yfir daginn eru bílarnir að sjálfsögðu enn tíðari en þetta meðaltal yfir allan sólarhringinn gefur í skyn.

Um það bil helmingur skólabarna Kópavogs verður að fara yfir þennan hættulega veg tvisvar á dag á leið í og úr skóla.

Undrar nokkurn, þegar þetta er hugleitt, þótt foreldrar á Kársnesi séu kvíðandi um börn sín, sem sækja verða skóla við slíkar aðstæður?

Bæjarstjórnarmeirihluti Kópavogs hefur algjörlega vanrækt að gera nokkrar varúðarráðstafanir vegna umferðar skólabarna og annarra fótgangandi vegfarenda um þennan hættulega veg. — Hvergi hafa verið sett upp ávarunarskilti, hvergi merktur gangstígur yfir veginn, og viðkomustaður strætisvagnanna eru illa lýstir eða ólýstir með öllu.

Ekki hefur þó bæjarstjórnin og meiri hluti hans þá afsökun að athygli hafi ekki verið vakin á þessu máli. Á einum af fyrstu fundum núverandi bæjarstjórnar báru bæjarfulltrúar Sjálfstæðismanna fram ákveðnar tillögur til öryggisráðstafana vegna umferðar á Hafnarfjarðarvegi. Þessar tillögur voru felldar af meiri hlutanum. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðismanna báru fram þá tillögu síðar að kr. 50.000.00 yrðu veittar á fjárhagsáætluninni fyrir þetta ár til þess að auka umferðaröryggi á Hafnarfjarðarveginum. Sú tillaga var einnig felld af meiri hluta bæjarstjórnar. Og nýlega skoraði Sjálfstæðisfélag Kópavogs á alla bæjarfulltrúa Kópavogs, hvar í flokki sem þeir standa, að vinna að lausn þessa vandamáls.

Nú er þetta mál að komast á það stig að fyrirsjáanlegt er, að slyshættan á Hafnarfjarðarveginum í Kópavogi hlýtur að aukast stórkostlega frá því sem verið hefur, ef ekkert er að gert, einmitt vegna þeirra, að öðru leyti nauðsynlegu framkvæmda, sem að framan er lýst.

Ætíðin mun vera að nota natrium-ljós til lýsingar á Hafnarfjarðarveginum, þ. e. sams komar ljós og gulu ljósin, sem bezt hafa gefið á Suðurlandsbrautinni.

Bífreidastjóri, sem ekur Hafnarfjarðarveginn, hvort heldur er að norðan eða sunnan, kemur því af vel upplýstum vegi inn í niðanmarkur, um leið og hann kemur inn í þéttbýlið í Kópavogi. Þegar talið er tillit til þess að algengt er að bífreidar aki með 40–60 km hraða þessa leið er augljóst, að auka bífreidastjórans hafa engan tíma til þess að aðlaða sig á milli breyttu kringumstæðum á

þeim örfáu sekúndum, sem það tekur að aka frá Fossvogs- eða Kópavogsbrúnni inn í þéttustu byggðina í Kópavogi. En á þessu svæði eru 3 viðkomustaðir strætisvagna og gangandi fólk sífellt á ferð.

Slyshættan í Kópavogi margfaldast því frá því sem nú er nema vegarkallinn gegnum Kópavogsbyggðina verði jafn vel eða betur upplýstur en vegarkallarnir báðum megin við.

Svo virðist sem hinu háa Alþingi hafi sézt yfir þessa hættu, þegar það samþykkti umrædda fjárveitingu. Ófsakanlegra er þó það, að alþingismaðurinn Finn-bogi Rútur Valdemarsson, skuli ekki sem bæjarstjóri Kópavogs hafa séð hana fyrir og reynt að koma í veg fyrir hana.

Hafnarfjarðarvegurinn, fjölfarnasti umferðarvegur landsins er vissulega sami þjóðvegurinn á þeim kafla, sem liggur gegnum Kópavog og þeim sem liggur um Gálðahrepp, þótt lagafyrirmæli, sem miðað eru við aðrar aðstæður kunnar að segja annað.

Með tilliti til þessa, og hins nauma fjárhags Kópavogskaupstaðar er það réttlætiskrafa Kópavogsbúa að ríkisvaldið kosti fullnægjandi lýsingu vegarins, þar sem hann liggur gegnum Kópavogsbyggðina í fyrsta áfanga umræddra framkvæmda. Þessi krafa er hér borin fram fyrir hönd Kópavogsbúa í þeirri vissu, að það hafi verið vilji Alþingis að draga úr slyshættunni á Hafnarfjarðarveginum, en ekki að auka hana á þann hátt, sem lýst hefur verið að framan.

Vegarkallinn frá Kópavogsbrú suður undir Silfurtún er álíka

langur og vegurinn gegnum Kópavog. Á þessum kafla er aðeins einn bær og umferð fótgangandi vegfarenda nær engin. Virðist því augljóst, að lýsing vegarins gegnum Kópavog eigi að ganga fyrir lýsingu vegarkallans frá Kópavogsbrú að Silfurtúni. Ef þetta væri gert, mundi fjárveiting Alþingis koma að mestu gagni, í stað þess að auka slyshættuna í Kópavogi eins og nú horfir.

Fari svo ólíklega að ríkisvaldið fallist ekki á þessi augljósu rök, eða skorti það heimildir til þess að verja fjárveitingunni á þann hátt, sem hér er lagt til, þá verður að krefjast þess að ríkisvaldið geri Kópavogsbúum á annan hátt kleift að afstýra hættunni, t. d. með fyrirgreiðslu um lán til framkvæmdanna, er ríkið endurgreiði Kópavogi af fjárlögum næsta árs, eða fyrirheiti um slíka greiðslu.

Til þess að lýsa vegarkallann gegnum Kópavog með einfaldri röð af natrium-ljósum, þarf ca. 26 ljósastræði. Kostnaðurinn á hvert ljósastræði er að áliti kunnáttumanna áætlaður kr. 4000–5000, þannig að heildarkostnaðurinn við framkvæmdina verður kr. 104.000–130.000 með þessari tilhögun, sem mundi verða fullnægjandi fyrst um sinn.

Þetta er lítið eitt hærri upphæð en á þessu ári er veitt til skráðgarða og leikvalla á fjárhagsáætlun Kópavogs.

Við Sjálfstæðismenn í bæjarstjórn Kópavogs mundum hikaust greiða því atkvæði, að sú breyting yrði gerð á fjárhagsáætluninni, að framkvæmdum við skráðgarða og fl. yrði frestað, ef á þyrfti að halda, og nægilegt fé lagt út til lýsingar Hafnarfjarðarvegarins í Kópavogi, meðan beðið væri framlags frá ríkissjóði.

Kópavogsbúar, fylgizt vel með gerðum bæjarfulltrúa ykkar í þessu öryggismáli barna ykkar og ykkar sjálfra.

Sveinn S. Einarsson.

Íslenzk kona hlýtur gullheiðursmerki frá fylkisstjórn Bayerns

Í GÆR afhenti formaður félagsins „Íslenzkur listiðnaður“, Lúðvíg Guðmundsson, frú Ásgerði Ester Búadóttur, heiðursmerki úr gulli, ásamt tveim heiðursskjöldum, sem hún hefur hlotið frá fylkisstjórn Bayerns, fyrir frábærilega fagurt og listrænt handfíð veggklæði, er hún átti á listiðnaðarsýningu félags „Íslenzks listiðnaðar“, á hinni alþjóðlegu handiðnaðarsýningu í München í vor, sem stóð yfir frá 27. apríl til 10. maí, og haldin er ár hvert.

Afhendingin fór fram í Naustinu, og voru þar viðstaddir, auk félagsstjórnarinnar, Ingólfur Jónsson iðnaðarmálaráðherra, dr.



Frú Ásgerður Ester Búadóttir.

Kristinn Guðmundsson, utanríkisráðherra, dr. Khule, staðgengill sendiherra Þjóðverja hér, sem nú dvelur erlendis, prófessor Alexander Jóhannesson og Kristján Eldjárn þjóðminjavörður. Auk þess var fréttamönnum boðið að vera viðstaddir.

Handiðnaðarsýningin í München, dei Handwerksmesse, er ein af fimm hinna miklu árlegu vörusýninga, sem haldnar eru þar í landi. Auk listiðnaðar nær sýning þessi til margra annarra greina handiðnaðar. Þetta er í

annað sinn sem Ísland tekur þátt í sýningu þessari, sem árlega, undanfarnir 3 ár, hefur verið haldin í München. Íslenzkir þátttakendur voru alls 20. Að þessu sinni tóku 30 lönd, utan Þýskalands þátt í sýningunni og voru sýningargestir yfir 250 þúsund.

Íslenzka listiðnaðardeildin vakti mikla athygli á sýningunni og hlaut hina beztu dóma almennings og kunnáttumanna, fyrir listrænt og vandað handbragð. Framlag Íslands til sýningarinnar var: silfur- og gullsmíði, smeltvinna, myndvefnaður, batík vinna, húsgagnasmíði, handunnar ullaryöftr, þrjónles, ásaumur, trémynd og fleira. Sveinn Guðmundsson, verkfræðistudent í München, kom fram fyrir Ísland gagnvart þýzku sýningarstjórninni og þýzkum yfirvöldum. Tók hann á móti verðlaununum fyrir hönd Íslands af forsætisráðherra Bayerns, hr. Hoegner.

Framh. á bls. 10



Á miðri spennunni á Grettisbeltinu er upphleypt mynd af Grettii (hugmynd), og umhverfis myndina er skráð með höfðaletri „Glímuvörðlaun Íslands Grettir“. — Ljós. Mbl. Ól. K. M.

Íslandsglíman í kvöld

50 ár síðan fyrst var keppt um Grettisbeltið

Það er merkasti verðlaunagripur íslenzkrar íþróttahreyfingar

ÍSLANDSGLÍMAN fer fram að Hálogalandi í kvöld og eru nú þau þáttaskil í sögu þessarar elztu íþróttakeppni á Íslandi, að 50 ár eru liðin síðan glíman fyrst var glímd og keppt var um „Grettisbeltið“, sem er elsti og virðulegasti verðlaunagripur íslenzkrar íþróttahreyfingar. Verður þess minnt á veglegan hátt við glímuna í kvöld. Allir þeir er unnið hafa beltíð og eru á lífi hljóta heiðurspening frá ÍSÍ og rakin verður saga Grettisbeltisins (Helgi Hjörvar).

UPPHAF GLÍMUNNAR


Saga Grettisbeltisins nær yfir næstum allan þann tíma, sem skipulögð íþróttastarfssemi hefur verið til hér á landi. Til Íslandsglímunnar var stofnað á Akureyri árið 1906 af Glímufélaginu Grettii og þá var Grettisbeltið, sem enn er keppt um, búið til. Fyrst var um það keppt 20. ágúst 1906 á Akureyri og sigraði þá Ólafur Valdemarsson. Hann gekk

festir eru á beltíð. Er beltíð nú alsett slíkum skjöldum, en allmiku fleiri komast þó á það, enda eru þeir þannig á beltíð festir. Tveir af þeim er beltíð hafa unnið eru meðal keppenda í glímunni í kvöld, en það eru þeir Ármann J. Lárusson og Rúnar Guðmundsson. Þeir hafa verið handhafar beltisins síðan 1950.

GLÍMUKÓNGARNIR

Einn úr hópi þeirra er beltíð hafa unnið á s.l. hálfri öld, er látinn. Það er Sigurjón Pétursson, Álafossi, sem vann beltíð 4 sinnum, en geymdi það í 9 ár, eða árin 5 sem ekki var um það keppt. Hinir eru þessir: Ólafur V. Davíðsson, sem vann 1 sinni, Jóhannes Jósefsson, tvisvar, Guðmundur Stefánsson (nú í Vesturheimi) 1 sinni, Tryggvi Gunnarsson tvisvar, Hermann Jónasson 1 sinni, Sigurður Greipsson 5 sinnum, Þorgeir Jónsson tvisvar, Sigurður Gr. Thorarensen 6 sinnum, Lárus Salomonsson þrisvar, Skúli Þorleifsson 1 sinni, Ingimundur Guðmundsson tvisvar, Kjartan B. Guðjónsson 1 sinni, Kristmundur J. Sigurðsson 1 sinni, Guðmundur Ágústsson 5 sinnum, Guðmundur Guðmundsson tvisvar, Rúnar Guðmundsson ?? og Ármann J. Lárusson ??

Allir þessir gömlu glímukóngar verða heiðraðir í kvöld og auk þess er boðið þeim af þátttakendum í glímunni 1906, sem náðst hefur til. Þá verða forsetahjónin og meðal gesta á glímunni, en um hana sér Ungmennafélag Reykjavíkur og verður Sigurður Greipsson glímustjóri.



Fyrstu skildirnir.

síðan undir nafninu Ólafur V. Davíðsson og er vel þekktur undir því nafni.


Beltíð er úr leðri, en með silfurspennum, sem á skildi er á því er upphleypt mynd af Grettii (hugmynd). Á spennuna kringum myndina er grafið með höfðaletri „Glímuvörðlaun Íslands Grettir“.

Keppt hefur verið um beltíð á hverju ári síðan, að undanskildum árunum 1914–1918, að báðum meðtöldum, en þá féll keppnin niður. Alls hafa 18 menn unnið beltíð á þessum tíma og eru nöfn þeirra grafin á silfurskildi er



Spenna Grettisbeltisins, sem Glímufélagið Grettir á Akureyri lét gera haglega og fagurlega úr silfri. Um Grettisbeltið var fyrst keppt 1906, og nafn sigurvegarans hefur á síðan verið skráð á silfurskjöld, sem festur er á beltíð. Sjá má á skildina lengst til hægri. —

Nýjung



Höfum tekið í notkun nýtt
frystiborð fyrir kjötvörur



Austurstræti

ÍBÚÐ Á MELUNUM

4ra herbergja neðri hæð við Grenimel, er til sölu. Íbúðin
nefur sérinngang. — Nánari upplýsingar gefur

Málflutningsskrifstofa Vagns E. Jónssonar
Austurstræti 9. — Sími 4400.

Steindór vill selja

nokkrar bifreiðir af ýmsum gerðum.

Sími 1588

Maður óskast

til afgreiðslustarfa í vörugæmslu o. fl. frá 1. júní n.k.
Úmsóknir með kaupkröfu og öllum upplýsingum sendist
Mbl. fyrir hádegi á laugardag, merktar: „Reglusamur. —
2100“.

Nemar í bifvélavirkjun

geta komist að hjá oss.

**Kaupfélag Árnesinga,
Selfossi.**

Lítill

ÍBÚÐ TIL LEIGU

nú þegar ásamt hæsnahúsi. Nokkur hænsni fylgja.
Markaður fyrir egg, ef óskað er.

Uppl. Marargötu 2, uppi.

Helgi Guðmundsson, Melshúsum

Minningarorð

elgi Guðmundsson, Melshúsum.
VÓXTUR og afkoma Hafnar-
fjarðarbæjar hefir verið nær ein-
göngu komin undir dugmikilli og
atorkusamri sjómannastétt og svo
mun einnig verða í framtíðinni.
Þegar ég fluttist hingað til Hafn-
arfjarðar fyrir tæpum 40 árum,
heyrði ég fljótt talað um Heilu-
bræður sem fyrirmyndar sjó-
menn, fiskimenn mikla, atorku-
sama og æðrulausa á sjó og því
eftirsóknarverða að hafa í skip-
rúmi. Helgi sálugi var elztur
þessara bræðra, sem allir, sjö að
tölu, köfnust til fullorðinsára
og mikill ættbálkur er frá. Eru
nú einungis þrír þessara bræðra
lifandi.

Foreldrar Helga heitins voru
Guðmundur Guðmundsson, fædd
ur hér í Hafnarfirði og Sigríður
Helgadóttir, sem var ættuð úr
Garðahverfinu. Þau reisú sér
húsið Heilu hér á Hamrinum,
sem síðar var endurbýgt af
Gísla syni þeirra, og býr hann
þar enn. Um svipað leyti og húsið
var reist eða 2. júní 1877,
fæddist þeim hjónum frumburð-
urinn, Helgi heitinn. Þegar hann
dó mun hann hafa verið
elzti innborni Hafnfirðingur-
inn. Átta ára gamall var hann
tekinn í foster af móðurbróður
sinum, Halldóri Helgasyni í Ás-
búð, mesta sómamanni. Dvaldist
hann á því heimili þar til hann
kvæntist 6. des. 1902, Guðrúnu
Þórarinsdóttur frá Fornaseli á
Mýrum. Fluttust þau þá í lítið
timburhús, sem Helgi hafði reist
sér á Melnum fyrir utan Ásbúð-
arhúsið og kallaði því Melshús.
Var hann í daglegu tali kennd-
ur við það og voru þeir fáir Hafn-
firðingarnir sem ekki könnuð-
ust við Heiga í Melshúsum. Allar
þær stundir sem Helgi var ekki
á sjónum, notaði hann til að
rækta melinn, sem húsið stóð á.
Var það ekki lítið búsilag, sem
þessi ræktun gaf af sér, bæði
hvað jarðavöxt snerti og fód-
ur handa nokkrum kindum og
kúm, sem hjónin eignuðust. Aðal
starf Helga var samt bundið við
sjóinn, enda gat maður vart hugs-
að sér hann án kænunnar sinnar,
hún var hans annað heimili. Frá
fermingaraldri og fram til þess
síðasta stundaði Helgi sjóróðra,
fyrst hjá öðrum, en lengst af á
sínnum eigin bát og var fengsall
í bezta lag. Oft flutti hann kæn-
una með sér norður og stund-
aði veiðar þar á sumrin, þegar
lítið fiskið var hér. Var fyrir-
hyggjusamur og heppinn eins og
t. d. þegar hann tók með sér
norður töluvert magn af kræk-
ling, en síldveiði brást þar það
sumar, svo að fáir fengu þá bein
úr sjó vegna beituskorts, nema
Helgi. Hann kom gjarnan drekk-
hlaðinn að landi. Hændur hans
báru það líka með sér, að hann
hafði oft tekið fast á árinni. Á
þilskipum var hann líka margar
vertíðir, bæði á innlendum skip-
um og norskum.

Hjónaband Helga og Guðrúnar
var ástríkt og farsællt, enda bæði
samhent um að búa sem best að
sínu og gera börnin sín að nýtum
þjóðfélagsþegnum. Þeim varð
fimm barna auðið. Ein dóttir dó í
æsku og einkason sinn, séra Guð-
mund prest á Norðfirði, misstu
þau hjón fyrir 4 árum. Var það
þungt áfall fyrir gömlu hjónin.
Þrjár dætur eru á lifi: Sigríður,
gift Bjarna Guðmundssyni frá
Nýjabæ í Krýsuvík; Þórunn, gift
Páli Sveinssyni yfirkennara við
barnaskólann hér og yngst Gyða,
ekka eftir Guðbjart Guðmunds-
son er fórst í sjóslysi fyrir 2 árum
síðan. Eftir að þessi yngsta dóttir
þeirra giftist, bjuggu þau hjónin
í sambýli við hana og mann
hennar og var þeim öllum það
mikill styrkur. Því varð það, að
þegar tengjasonurinn féll frá á
bezta aldri, frá stórum barnahóp
og þó sérstaklega er Helgi varð

að sjá á þak konu sinni, sem
hann mat svo mikils og sem
alltaf hafði verið hans styrka
stöð, þá var eins og angurværð
væri komin í stað lífsgleðinnar
og gamanseminnar hjá honum.
Og þrátt fyrir þrýðilega umönn-
un í hlýlegum barnahóp, þá
virtist hann þrá meir og meir
samvistir við ástvinina, sem látn-
ir voru.

Við söknum Helga; við minn-
umst hans glaða og hressilega
viðmóts, græzkulausu gaman-
semi og hjálpssemi í hvívetna.
Honum var sjálfstæðishugsunin
í blóð borin Vildi aldrei vera upp
á aðra kominn og kleyf heldur
þritugan hamarinn, heldur en að
lifa á bönbiörgum. Það kom því
líka oft fram í viðræðum við
hann, að hann hafði megnustu
fyrirlitningu og óbeitt a allri þess-



Stella Gunnarsson

Í DAG er til moldar borin Stella
Jóhanna Petra Gunnarsson, fædd
Bjarnason, dóttir merkishjón-
anna Nicolai kaupmanns Bjarna-
sonar (Péturssonar Bjarnasen,
verzlunarstjóra í Vestmannaeyji-
um) og konu hans Önnu Thor-
steinsson, kaupmanns og úterð-
armanns á Ísafirði.

Stella lézt í Landakotsspítala
að morgni sunnudaginn 6. þ. m.
eftir stutta legu þar, en undan-
farin ár hefur hún átt við van-
heilsu að stríða, en veikindi sín
bar hún með stakri þolinmæði
og aldrei heyrði maður hana,
kvarta, þvert á móti var hún
alltaf siglööð og elskuleg heim að
sækja.

Hinn 27. október árið 1917 gift-
ist Stella hinum athafnasama
manni, Steindóri Gunnarssyni,
prentsmiðjustjóra og eignuðust
þau 4 börn, 1 son og 3 dætur.

Höskuldur, ógiftur, vinnur við
garðyrkjustörf.

Anna, gift Hirti Fjølsted, verzl-
unarstjóra hjá Silla & Valda.

Ingibjörg, gift Hálfdáni Stein-
grímssyni, prentsmiðjustjóra í
Steindórsprenti.

Þorbjörg, gift Kristni Sæ-
mundssyni, vélstjóra á m.s.
Fjallfoss.

Mann sinn missti Stella 29.
marz 1948; hjónaband þeirra var
mjög gott og minnst ég margra
ánægjustunda á heimili þeirra,
einnig var Stella mjög samhent
manni sínum í starfi hans.

Lát Stellu er sár harmur börn-
um, móður, bræðrum og vinum
hennar, enda var Stella hugljúfi
allra, sem kynntust henni, vildi
gera allt fyrir alla.

Stella var nokkuð fáskiptin
kona, en hjartahly við nánari
kynni og glöð í vinahóp, hún var
ein úr hinum stóra hóp íslenzkra
húsmæðra, sem vinnur „hin þöglu
störfin“ húsmóðurstörfin, sem
eru vafalaust göfugustu störf, sem
hægt er að ynna af hendi,
meðan við dveljum hér á þessari
jörð.

Það er mikil ábyrgð, sem lögð
er á herðar móðurinnar að ala
upp börn sín og vaka yfir hegð-
un þeirra og gjörðum og mikið
er það starf sem húsmóðirin
helgar fjölskyldu sinni, en Stella
átti alla þá kosti sem góða hús-
móður má þrýða.

Við kveðjum í dag frá Stellu
með þakklæti og virðingu og
biðjum Guð að blessa minningu
hennar.

J. G.

— Ísl. kona

Frh. af bls. 2.

Frú Ásgerður Ester Búadóttir,
er ættuð frá Borgarnesi. Hún hóf
ung nám í Handíða- og myndlist-
arskólanum og stundaði þar
myndlistarnám í þrjú ár. Að því
loknu stundaði hún framhalds-
nám í önnur þrjú ár við listhá-
skólann í Kaupmannahöfn. Eftir
að hún kom heim frá námi, hefur
hún jöfnum höndum stundað hús-
móðurstörf, ofið fögur klæði og
haft með höndum stundakennslu
í teiknun í Handíðaskólanum.

Að lokinni afhendingu verð-
launa, tók til máls dr. Kuhle. Fyrir
hann viðurkenningarorðum um
íslenzka list, og óskaði frú Ás-
gerði til hamingju með afrek sitt.



ari kröfupólitik, sem nú er talin
sjálfsögð meðal almennings.
Hann skildi hana ekki og fannst
það þjóðfélagsleg skylda að gera
kröfurnar tyrst og fremst til
sjálfs sín á meðan heilsa og kraft-
ar entust. Öllum þótti vænt um
Helga, þótt hann væri oft ómyrk-
ur í máli og færi ekki dult með
skoðanir sínar. Þeir vissu, að
hann var hreinn og beinn í öllum
viðskiptum og átti ekki til snefil
af öfundsyki eða meinfýsi í fari
sínu. Við þökkum honum alla
trygðina við góðan málstað og
tökum með innlegri hluttek-
ningu þátt í söknuði eftirlifandi
ástvina hans.

Bjarni Snæbjörnsson.

LUNDÚNUM, 18. maí: — Sir
Anthony Eden hefir ákveðið að
þiggja boð stjórnað Ástralíu og
Nýja Sjálands um að koma þang-
að í opinbera heimsókn í janúar-
mánuði n.k. Er það í fyrsta skipti
sem brezkur forsætisráðherra fer
til Ástralíu — meðan hann skip-
ar það embætti.

Bátur — Vél

Góður 2½ tonsn bátur, véla
laus til sölu kr. 5.500. Enn-
fremur 10—15 hp. loftkæld
Lorey með magnetu, start-
ara og dynamó kr. 1500. —
Uppl. í síma 82394 milli kl.
12—1 og 7—8 næstu daga.

ÍBÚÐ

Fyrirframgreiðsla

2 herb. og eldhús óskast til
leigu fyrir næstu mánaða-
mót. Tilboð sendist afgr.
Mbl. fyrir mánudagskvöld
merkt: „Barnlaus 3 —
2105“.